

55. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 2. júní 2009 kl. 16:00 að Hamraborg 1.

Dagskrá: 1. Fundargerðamál; 2. Siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Kópavogsbæ; 3. Fjárframlög ríkisins til héraðsskjalasafna; 4. Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga og rafræn skjalavarsla; 5. Starfsmannamál; 6. Félag héraðsskjalavarða; 7. Störf Héraðsskjalasafnsins á árinu; 8. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn. Gestur fundarins var Linda Udengård, deildarstjóri menningarmála Kópavogsbæjar.

1. **Fundargerðamál:** Fundargerðakerfi og fundamannagátt er komið á í One systems. Kerfið gengur út á að hægt er að nálgast öll gögn um fundi. Með því að slá upp málum er hægt að rekja málin og sjá hvar þau eru stödd í afgreiðslu.
2. **Siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda hjá Kópavogsbæ:** Héraðsskjalavörður fékk siðareglurnar sendar eftir að þær höfðu verið samþykktar í bæjarstjórn 12. maí 2009. Lagt fram til kynningar.
3. **Fjárframlög ríkisins til héraðsskjalasafna:** Héraðsskjalavörður skýrði frá því að hann telji, með hliðsjón af viðmiðunarreglum um styrki til héraðsskjalasafna, að Héraðsskjalasafn Kópavogs hafi ekki fengið alla þá peninga frá Þjóðskjalasafni Íslands sem því ber. Ákveðið er að fela formanni stjórnar að senda skriflega fyrirspurn til Þjóðskjalasafns til að fá skýringar.
4. **Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga og rafræn skjalavarsla:** Héraðsskjalavörður dreifði eigin „umsögn um drög að handbók um skjalavörslu sveitarfélaga“, alls 28 síður, undirritað 17. maí 2009. Nefnd sem vinnur að þessum drögum sendi drögin í byrjun apríl sl. Einnig dreifði héraðsskjalavörður bréfi sínu til menntamálaráðherra 27. maí 2009: „Reglur um rafræna skjalavörslu og handbók um skjalavörslu sveitarfélaga“ þar sem skorað er á menntamálaráðherra að „leita leiða til að hindra útgáfu reglna sem fyrirhuguð er í næstu viku ...“. Ákveðið var að fjalla nánar um drögin og umsögnina á næsta fundi stjórnar þegar stjórnarmönnum hefur gefist tóm til að lesa gögnin.
5. **Starfsmannamál:** Lista- og menningarráð hélt hugarflugsfund 16. febrúar sl. með forstöðumönnum menningarstofnana í Kópavogi um mögulegar aðgerðir vegna atvinnuleysis og var þar fjallað um málin á grundvelli reglugerðar nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, og reglugerðar nr. 13/2009, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði.

Í framhaldi af fundinum sendi héraðsskjalavörður tillögur að atvinnuskapandi verkefnum innan Héraðsskjalasafns Kópavogs fyrir fjóra starfsmenn í hálfri ár. Tvö störf hafa verið samþykkt hjá Vinnumálastofnun og auglýst laus til umsóknar, farið var yfir umsóknirnar 15. maí sl. og 22. og 26. maí var rætt við umsækjendur. Í dag 2. júní tóku tveir starfsmenn til starfa í Héraðsskjalasafni Kópavogs tímabundið, annar í sex mánuði, hinn í fimm.

6. **Félag héraðsskjalavarða:** Héraðsskjalavörður skýrði frá stofnun *Félags héraðsskjalavarða* 27.mars 2009. Héraðsskjalasöfn á landinu eru nú 20 og starfa þau skv. lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Markmið hins nýja félags er „að vera virkur samstarfsvettvangur héraðsskjalavarða til að styrkja héraðsskjalasöfnin, hag þeirra, faglegt frumkvæði, starfsemi og verkefni sem snúa að skjalavörslu í sveitarfélögum á Íslandi.“ Heimasíða félagsins er í vinnslu og þar á m.a. að birtast kort yfir umdæmi héraðsskjalasafna á Íslandi. Héraðsskjalavörður Kópavogs hefur hug á að sjá um að vinna þetta kort og fór fram á að fá að leggja 40-50 þúsund krónur af fjárveitingu til þess. Samþykkt af stjórn.
7. **Störf Héraðsskjalasafnsins á árinu:** Skráningarstörfin, sem unnið hefur verið að, ganga vel. Mörg eru þessi mál um samskipti Kópavogsbúa við bæinn vegna lagna og landamerkja. Átak hefur verið gert um einkaskjalasöfn, m.a. að fá gögn úr söfnum sem þó hafa ekki enn borist héraðsskjalasafninu.
8. **Önnur mál:** Héraðsskjalavörður sýnir stjórnarmönnum nokkrar bækur sem safnið hefur eignast, m.a. um byggingar yfir skjalasöfn.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30.  
Fundarritari Bjarni Ólafsson